

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

811. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 4. nóvember 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við sviðsstjóra og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
2. Upplýsingar um Eld í Húnaþingi 2013.
3. Bréf Geirs Karlssonar, yfirlæknis HVE - Hvammstanga.
4. Bréf og upplýsingar frá Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga.
5. Ársskýrsla Leikskólans Ásgarðs og Leik- og grunnskólans á Borðeyri 2012-2013.
6. Úthlutunarreglur styrkja vegna aksturs í dreifnám í Húnaþingi vestra.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri og rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs eru mættir til fundar með byggðarráði. Rætt um helstu framkvæmdir s.s. klórrými við íþróttamiðstöð, aðalskipulag, girðingu við íþróttavöll, göngustíg á Laugarbakka ofl.
2. Fram lagðar til kynningar upplýsingar um framkvæmd og fjárhagsuppgjör Elds í Húnaþingi – Unglistahátíðar 2013.
3. Fram lagt bréf Geirs Karlssonar, yfirlæknis á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga. Í bréfinu lýsir Geir þungum áhyggjum af framkomnum áformum um fækkun sjúkrabifreiða á Hvammstanga og þeim afleiðingum sem það hefði fyrir störf heilbrigðisstarfsfólks auk þess sem um væri að ræða skerta þjónustu og öryggi íbúa sveitarfélagsins og ferðafólks stefnt í hættu. Byggðarráð tekur undir áhyggjur yfirlæknisins vegna áforma um fækkun sjúkrabifreiða á Hvammstanga og samþykkir að boða fulltrúa Heilbrigðisstofnunar Vesturlands til fundar vegna málsins svo fljótt sem unnt er.
4. Bréf Eftirlitsefndar um fjármál sveitarfélaga dags. 23. október sl. lagt fram. Í bréfinu er óskað upplýsinga um árshlutauppgjör, gerð greiðslu- og launaáætlana o.fl. Byggðarráð felur sveitarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnslusviðs að svara bréfinu. Þá fylgir bréfinu samanburður á ársreikningum sveitarfélaga á Íslandi árið 2012.
5. Fram lögð til kynningar Ársskýrsla Leikskólans Ásgarðs og Leik- og grunnskólans á Borðeyri skólaárið 2012-2013.
6. Úthlutunarreglur styrkja vegna aksturs í dreifnám í Húnaþingi vestra. Vegna uppsagnar LÍN á samkomulagi um greiðslu akstursstyrja í Húnaþingi vestra, samþykkir byggðarráð að taka til endurskoðunar úthlutunarreglur styrkja vegna aksturs í dreifnám í Húnaþingi vestra.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:56

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Lindal.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Sigurður Kjartansson.